

Fundargerð

164. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

þriðjudaginn 7. febrúar 2012 kl. 12⁰⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Kjartan Ingvarsson (KI), lögfr. Umh.
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Halldór Haraldsson (HH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Lagabreytingar- umhverfisráðuneytið
- (3) Lagabreytingar – rafhlöður og rafgeymar
- (4) Niðurstaða fundar með umhverfisráðuneyti um samning ÚS við SN ofl.
- (5) Rekstur 2011
- (6) Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
- (7) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (163. fundar).

2. Lagabreytingar- umhverfisráðuneytið

Lagt var fram á fundinum minnisblað frá Logos lögmannsstofu frá 23. júní 2007, um tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/96/EB.

Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur ráðuneytisins, greindi frá hugmyndum ráðuneytisins um breytingar á raftækjalöggjöfnni (lög um meðhöndlun úrgangs) sem væntanlega munu kalla á breytingar á lögum um Úrvinnslusjóð nr.162/2002.

Hann skýrði frá því að umh hefði orðið vart við áhuga meðhöndlunaraðila að koma raftækjaúrgangi undir Úrvinnslusjóð. Huga þarf að því að það er veigamikil breyting að færa þetta undir ÚS, sérstaklega vegna innheimtu á gjaldinu sem standa skal undir meðhöndlun.

ÖE telur að aðilar máls hafi viljað að raftækin færu undir ÚS líkt og aðrir vörflokkar. Að taka einn vörflokk út gæti skapað vandamál gagnvart sveitarfélögunum, út frá ábyrgð þeirra á öllum úrgangi sem fellur til í viðkomandi sveitarfélagi sbr. lög um meðhöndlun úrgangs 55/2006 BS telur að núverandi kerfi uppfylli skilyrði framleiðendaábyrgðar. Raftæki eru miklu viðtækari úrgangur og erfitt yrði fyrir atvinnulífið að taka á sig meiri ábyrgð en í núverandi löggjöf. BS telur að ekki hafi reynt á það hvort að ÚS gæti ekki tekið beint yfir þessa framleiðendaábyrgð, ekkert væri að hennar mati, sem kæmi í veg fyrir það til að uppfylla tilskipun 2002/96/EB.

GGJ telur að með því að setja raftækjaúrgang undir ÚS muni sparast mikið í umsjón og bæta innheimtuna til að standa undir meðhöndlun á raftækjaúrgangi. Hann telur að raftæki séu of víðtækur vöruflokkur til að hafa samsvarandi kerfi og í veiðarfærum.

HH tekur undir þau rök að út frá kostnaði væri best að setja þetta undir ÚS án þess að vita hvernig löggjafinn tæki á því. HH sagðir frá því að hagsmunadaðilar vilji láta fella þetta undir ÚS.

LÓ tekur undir málflutning HH og telur að félagsmenn SVP hafi áhuga á því að færa málefni raftækjaúrgangs undir ÚS, sérstaklega með t.t. kostnaðar við núverandi kerfi.

ÓK fór yfir endurgreiðsluákvæði í lögum um úrvinnslugjald sem líklega mætti breyta þannig að það næði að uppfylla þessa kröfu í tilskipun EB að framleiðendur og innflytjendur megi standa að eigin kerfi.

BS minnti á grunnildi tilskipunarinnar séu höfð í huga, hvaða leið sem valin er. Þ.e. að tryggja að framleiðendur borgi fyrir meðhöndlun og markmið um meðhöndlun og endurnýtingu náist. Hún telur að raftækin og aðrir vöruflokkar eigi vel saman m.t.t. rekstrar hjá ÚS.

KI segist skilja það svo að það sé vilji stjórnarmanna ÚS að hann hefji vinnu við að koma raftækjum undir ÚS og farið verið með þau líkt og aðra vöruflokka. Hann sagði frá væntanlegum fundi umh, UST og ÚS. Stefnt að koma breytingum á lögum um ÚS 162/2002 í gegn á vorþingi 2012.

KI yfirgaf fund kl. 13:00.

3. Lagabreytingar – rafhlöður og rafgeymar

Lagt var fram erindi ráðuneytisins til Tollstjóra varðandi nýja og breytta álagningu úrvinnslugjalds á rafhlöður og rafgeyma. Lagt var fram á fundinum minnisblað frá fundi með fulltrúum ÚS og Tollstjóra frá 20. desember 2011. Álagningin verður nokkuð flóknari þar sem fara þarf eftir uppgefinni þyngd frá innflytjenda í stað fast gjalds, eins og nú er.

Lagt var fram minnisblað sem GS tók saman eftir fund með fulltrúum bifreiðaumboðs um tvíorkubíla. Starfsmönnum ÚS falið að halda áfram að kanna með endurvinnslu og endurnýtingu á rafgeymum úr tvíorkubílum sem eru úr NiMH og lithium.

4. Niðurstaða fundar með umhverfisráðuneyti um samning ÚS við SN ofl.

Lagðir voru fram minnispunktar GGP og ÓK um fund með ráðuneytisstjóra umh. og viðbrögð ráðuneytisins.

Þar var m.a. rætt um þjónustusamning á milli ÚS og SN, rætt um færslu bókahalds, meðferð á launagreiðslum til nefndarmanna ÚS ofl.

GGP fór yfir fyrirspurnir sínar til Fjársýslu ríkisins og RSK um álagningu virðisaukaskatts vegna vinnu ÚS og SN. Ekki er komin endanleg niðurstaða frá RSK. Þar til að hún liggur fyrir mun ÚS ekki leggja vsk við útgáfu sinna reikninga.

5. Rekstur 2011

Lagt var fram yfirlit um rekstur Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2011. ÓK fer yfir helstu niðurstöður. Spurt var stöðuna á heyrulluplasti. ÓK upplýsti að bornar hafi verið saman heyrulluplastúrgangur og heyfengur um landið og það virðist stemma vel saman notkun og úrgangur sem fellur til á hverju söfnunarsvæði fyrir sig.

6. Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar

Tveir bændur óska eftir að gerast þjónustuaðilar vegna heyrulluplasts:

Hólmsteinn V. Gunnarsson
Hálsbú ehf.
Kt: 611205-1630
Hálsi
650 Þingeyjarsveit

Þorsteinn Sigurjónsson
Kt:150153-4419
Reykjum, Hrútafirði
Húnaþingi vestra
500 Staður

Samþykkt.

Íslenska gámafélagið óskar eftir að fá skráðan ráðstöfunaraðila fyrir rafgeyma:

Samþykkt.

7. Önnur mál

Rædd málefni PM endurvinnslu.

Fundi slitið kl 14:00

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs